

Ársyfirlit yfir rekstur og framleiðslu á viltum laxaseiðum árið 2025.
Veiðifélag Ytri Rangár seiðaeldisstöð Húsafelli
Kt. 691092-2599

Veiðifélag Ytri Rangár hefur starfs- og rekstraeleyfi til laxeldis í Húsafellslandi.
Starfsleyfisnúmer UST202103-246 og rekstrarleyfisnúmer FE-1169.

Framleiðslumagn og afföll

Árið 2025 var framleiðsla og starfsemi fyrirtækisins með hefðbundnu sniði. Í byrjun árs voru í stöðinni um 850.000 seiði til sleppinga vorið 2025. Langmestur hluti seiðana kom úr hrygnum úr Ytri Rangá og voru til sleppinga þar og á hennar vatnasviði. Önnur seiði voru ræktuð úr ám um Vesturland af stofni hvernar og einnar og þeim seiðum sleppt í sínar heima ár.

Auk þessa voru í klakherbergi stöðvarinnar hrogn frá haustinu 2024. Alls úr fjórum ám, að langmestu leiti Ytri Rangá.

Vorið 2025 voru afhent um 850.000 seiði og var framleiðslan um 38.000 kg. Lífmassi í stöðinni á því tímabili var því rúm 39.000 kg því smáseiði til afhendingar vorið 2027 vógu á milli 500 – 1.000 kg. Flutingar og afhending gengu vel.

Afföll eru sáralítill. Af seiðum voru þau hliðstæð við fyrri ár eða um 300 kg. Seiðin fara til förgunar hjá Íslenska Gámafélaginu samkvæmt samningi þar um. Við hrognatöku fellur til allur sá fiskur sem notaður er til undaneldis. Eftir hrognatöku og frjóvgun er fiskurinn fluttur til Fóðurstöðvar Suðurlands samkvæmt samningi þar um. Alls voru flutt til þeirra um 3.000 kg af dauðfiski til fóðurgerðar.

Fóðurnotkun, fóðurgerð og fóðurnýting.

Allt fóður er keypt frá fóðurverksmiðjunni Laxá á Akureyri. Samtals voru keypt 33.910 kg frá Laxá. Eftirfarandi fóðurgerðir voru keyptar.

Fóðurgerð	Kg
Nutra Sprint 0,30 mm	40
INICIO Plus 0,35 mm	20
INICIO Plus 0,50 mm	100
INICIO Plus 0,80 mm	775
Nutra Sprint 0,80 mm	600
INICIO Plus 1,10 mm	1250
Nutra RC 1,20 mm	9000
INICIO Plus 1,50 mm	75
Nutra RC 1,50 mm	6000
ECO RAS 1,80 mm	10650
ECO RAS 2,50 mm	5400
Samtals	33910

Magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja

- Kenosan sápa 50 lítrar
- Virocid sótthreinsir 25 lítrar
- Formalín 800 lítrar
- Buffodine joð 5 lítrar
- Deyfilyf Phenoxyethanol 3 lítrar

Kvartanir

Engar kvartanir bárust þetta árið. Kvartað var yfir ljósum við útiker árið áður en þau voru færð þannig að þau valda ekki óþægingum lengur.

Bilanir og óhöpp sem gætu valdið mengun

Ekki hafa verið neinar bilanir eða óhöpp sem gætu valdið mengun á árinu.

Úrgangur sem verður til við framleiðsluna.

Afföll eru sáralítill. Af seiðum voru þau hliðstæð við fyrri ár eða 310 kg. Seiðin fara til förgunar hjá Íslenska Gámafélaginu samkvæmt samningi þar um. Við hrognatöku fellur til allur sá fiskur sem notaður er til undaneldis. Eftir hrognatöku og frjóvgun er fiskurinn fluttur til Fóðurstöðvar Suðurlands samkvæmt samningi þar um. Alls voru flutt til þeirra um 3.000 kg af dauðfiski til fóðurgerðar.

Sorp er fjarlæggt af Íslenska gámafélaginu.

Íslenska gámafélagið sér um sorptöku frá stöðinni. Sorp er flokkað í Lífrænanan úrgang í jarðgerð, blandaðar plastumbúðir, almennt sorp til urðunar og pappír og pappa.

Tegund sorps	Kg
Lífrænn úrgangur í jarðgerð	310
Blandaðar plastumbúðir	510
Almennt sorp urðað í Fíflholti	1680
Pappír og pappi	270
Samtals	2770

Þjálfun starfsfólks

Þjálfun starfsfólks hefur farið fram. Starfsfólk hefur kvittað undir þar til gerð eyðublöð.

Áhættumat og viðbragðsáætlun

Sjá viðhengi

Teikningar af frárennsli

EKKI TIL

Niðurstöður mælinga

Sjá viðhengi

Losun næringarefna

Losun Fosfórs P er ennþá yfir mörkum eða 7,5 kg/tonn en má vera 7 kg/tonn. Náðst hefur að draga úr þessari losun miðað við fyrri ár og er stefnt að því að ná henni enn betur niður. Losun á köfnunarefni N var 41,5 kg/tonn.

Tæming olúgildra.

Á ekki við

Hreinsun á mengunarvarnarbúnaði

Tekið er upp úr settjörn tvisvar á ári og sú seyra er keyrð á mela í eigu Veiðifélags Ytri Rangár til uppgræðslu.

Unnið samkvæmt bestu vitund
f.h Veiðifélags Ytri Rangár
Börkur Hrafn Nóason
stöðvarstjóri